



Akraneskaupstaður

Stillholti 16-18

300 Akranes

Akranesi, 27. maí 2015

AÓ

**Efni:** Viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun árið 2015, tímabilið janúar til og með 28. apríl 2015.

Í fylgiskjölum sem fylgja þessu bréfi eru gerðar tillögur að viðauka nr.1 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Tillögurnar byggja m.a. á samþykktum bæjarstjórnar og bæjarráðs á tímabilinu 01. janúar til og með 28. apríl 2015. Einnig eru í skjölunum tillögur að millifærslum frá sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs, deildarstjóra bókhaldsdeildar og fjármálastjóra sem ekki hafa útgjalda- og/eða tekjuáhrif.

Í þessum viðauka eru jafnframt tillögur frá fjármálastjóra og deildarstjóra bókhaldsdeildar um hærri afskriftir og lægri tekjur fasteignaskatts sem mætt er með endurgreiðslu frá Námsleyfasjóði grunnskóla vegna námsleyfis. Leiðrétting á afskriftum er vegna nýbygginga og kaupa á fasteignum og lægri álagningu fasteignaskattstekna er tilkomin vegna breytinga á endurmati með nýrri aðferðarfræði sem notuð var við útreikning fasteignamats á hluta C-eigna. Um er að ræða verslunar-, skrifstofu og iðnaðarhúsnæði.

Helstu tillögur að breytingum:

Í innri færslum er vaxtaþrósentu lækkuð um 0,5%.

Áætluð endurgreiðsla vegna námsleyfis í Brekkubæjarskóla er um 6 m.kr.

Leiðrétting vegna áætlaðra afskrifta er um 2 m.kr.

Leiðrétting vegna lægri áætlunar fasteignaskatts C-eigna um 4 m.kr.

Átak í atvinnumálum er fært úr málaflokki 13 atvinnu og ferðamál í málaflokk 02 félagsmál um 5,5 m.kr..

Einnig er handbært fé lækkað um 5,2 m.kr. til að mæta fjárfestingu í tölvubúnaði samkvæmt samþykkt bæjarráðs 12.03.2015.

Meðf:

Viðauki nr.1, sundurliðun, tímabilið janúar til og með 28. apríl 2015.

Viðauki nr.1 vegna breytingar á rekstrarreikning, tímabilið janúar til og með 28. apríl 2015.

Virðingarfyllst,

Andrés Ólafsson

fjármálastjóri